Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf frá Bjarna til Sigríðar 17. mars til 16. apríl 1960

Bjarni Benediktsson – Sigríður Björnsdóttir – Bréf

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-26, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HÔTEL DU RHÔNE GENÈVE

TÉL. (022) 32 70 40 (15 LIGNES) TÉLÉGR.: RHONOTEL GENÈVE · TELEX 22213

21. mars 1960

Elskan Sigríður mín!

Ég vona, að þú sért nú orðin hress, þó að þú verðir að gæta þess að fara vel með þig.

Veður er nú líðandi seinni dagana en þá fyrstu. Nóg hefur verið um hátíðahöld. Á föstudag var cocktailboð hjá Kanadamönnum og um kvöldið bauð Helgi Briem – sendiherra í Sviss – Íslendingum til kvöldverðar. Á laugardag fór G G, Davíð og ég upp í fjall til að borða hádegismat og sáum þá Mont-Blanc, hæsta fjall Evrópu – svífa skýjum ofar, þegar við sjálfir vorum komnir nógu hátt. Um kvöldið bættust þeir Hermann, Helgi Briem og HGA í hópinn og fórum við þá tölvert Frakklandsmegin með vatninu á stað, sem helst minti á

E.t.v. væri skynsamlegt að þú tækir með þér buxur við út-jakka, sem hægt væri að kaupa léttan hér, af því að reiðbuxur búnir er nokkuð þungar og heitar að sumri. Bjarni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

norsku fjallahótelin en var minni og heimilislegri. Á heimleiðinni sýndu Fransmenn, er við hittum á litlu veitingahúsi, okkur akurhænur, sem þeir voru með á leið út í skóg. Þar átti að sleppa þeim lausum og láta þær tímgast svo að hægt yrði að skjóta ungana næsta haust!

Í gær sunnudag skruppum við fjögur til Lausanne – kl.tíma ferð hvora leið – drukkum þar kaffi og skoðuðum dómkirkjuna.

Af fundum er það að segja, að þeir fara hægt af stað, enda var rétt að byrja. Nokkrum hef hitt við þó hálft af mönnunum og sýndist mér heldur óvanalega horfa um nokkur úrslit. Um það skal þó ekki dæmt enn. Sjálfur þekki ég fáa og styðst meira við blaðafregnir og tilfinningu. Hef þó haft tal af mönnum úr helstu sendinefndum.

Ég hlakka til að sjá þig, en mitt ráð er enn, að þú hraðir ekki komu þinni um of. Hér verður mun skemmtilegra – til útiveru – þegar fer að vora að ráði. Ef eitthv. á að kaupa er og vafalaust skynsamlegra að gera það annarsstaðar en hér, t.d. í London á heimleið. Þú hefur þetta annars alveg að eigin vild. Bið að heilsa öllum, einkum börnunum. Með bestu kveðjum þinn Bjarni.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HÔTEL DU RHÔNE GENÈVE
TÉL. (022) 32 70 40 (15 LIGNES) TÉLÉGR.: RHONOTEL GENÈVE · TELEX 22213

9. apríl 1960

Elsku Sigríður mín!

Ég heyri, að ferðin heim hafi gengið heldur böngulega, en gott var, að allt tókst slysalaust að lokum.

Hér situr enn við það sama en gert er ráð fyrir, að atkvæði verði greidd í nefnd n.k. miðvikudag. Menn tala um fundarlok 23.-25. apríl. Við verðum að bíða og sjá hvað setur, en eins og horfir er hæpið, að ég verði kominn heim fyrir 24.

Ég hefi verið hjá lækninum. Hann hefur skoðað mig hátt og lágt. Segir mig mun of þungan, svo að ég verði að létta mig, – nánari reglur um það skilst mér ég fái eftir helgina. Þá hefur hann fundið gigtar-vott, sem hann hefur látið mig fá meðal við. Telur göngu $1\frac{1}{2}$-2 á hverjum degi sjálfsagða og að halda í við sig um mat og drykk. Þetta vissi maður svo sem sjálfur, en gott er að fá brýningu um það, einkum þá sem mér skilst hann telja öll líffæri og blóð út af fyrir sig í lagi

Nokkur togstreita er undir niðri í nefndinni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HÔTEL DU RHÔNE GENÈVE

TÉL. (022) 327040 (15 LIGNES) TÉLÉGR.: RHONOTEL GENÈVE · TELEX 22213

einkum eftir, að kunnugt er um óvissu þeirra heima, en á skipsborði er allt slétt.

Ég hefi oftast slegist í fylgd með öðrum á matmálstímum, en ætíð verið kominn í háttinn fyrir miðnætti. Nú í morgun, laugardag, erum við Davíð búnir að vera úti að ganga í rúma $1\frac{1}{2}$ tíma.

Það varð úr, að ég keypti mér dökk gráar buxur til að geta notað ljósa jakkann, og var að fara í þá núna rétt áður en ég settist niður til að skrifa bréfið, enda er nú mjög heitt úti.

Ásta er farin til Parísar, Gígja skilst mér er á báðum áttum um, hvenær hún fari heim. Vigdís Hermannskona lét svo sem henni þætti leitt að hafa ekki séð þig. Hana hefi ég annars einungis séð í móttökunni hjá Mövenpick.

Ég vona, að þér hafi ekki orðið meint við ferðalagið heim heldur sért nú hin hressasta. Ég bið að heilsa blessuðum börnunum og öðrum.

Með bestu kveðjum
elsku Sigríður mín
þinn Bjarni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HÔTEL DU RHÔNE GENÈVE
TÉL. (022) 32 70 40 (15 LIGNES) TÉLÉGR: RHONOTEL GENÈVE · TELEX 22213

16. apríl 1960

Elskan Sigríður mín!

Ég þakka þér ástsamlega bréfið. Þegar ég var búinn að skrifa á kort handa krökkunum fór ég niður til að ná í bréfsefni, en nú er kl. rúml. 9 á laugardags kvöld fyrir páska. Er ég kom upp aftur var læsingin biluð svo að ég komst ekki inn, ~~aftur~~. Portérinn segist halda, að ekki sé hægt að gera við þetta í kvöld, en ég sagðist þó verða að komast inn til að sofa! Nú sit ég niðri í „lobbyinu" og skrifa bréfið á meðan ég bíð þess að sjá, hvað um mig verður.

Í dag var ég til loka meðferðar hjá læknunum og kemur hann þó á morgun til að gefa mér vitamín-sprautu. Eftir margítrekaðar athuganir segir hann hjartað lítil-lega of stórt og nokkur merki um þreytu vegna þess, að ég sé of þungur. Hann hefur sett mig á díet, sem ég reyni að fylgja og segir mig verða að léttast um a.m.k. 10 kíló. Vissi ég það raunar áður, að ég hefði verið að þyngjast um of, en viss er ég um, að vistin okkar er

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HÔTEL DU RHÔNE GENÈVE

TÉL (022) 32 70 40 (15 LIGNES) TÉLÉGR: RHONOTEL GENÈVE · TELEX 22213

er orðin ónýt og segir ekki rétt til, svo mikið ber á milli hennar og þess, sem hún reynist! A.ö.l. segir hann mig full-hraustan, engan sjúkdóm og allt í besta lagi, ef ég haldi réttri þyngd. Hann varar við brauði og öðru, sem maður áður vissi um, þótt eigi væri gætt þeirrar varúðar, sem þarf. Ráðleggingin er m.a. að borða epli á morgnana, skafið niður með berki, og hefi ég þegar keypt áhald til þess, grænmeti nýtt sem mest, kjöt í hófi, forðast kartöflur (sem hann segir þó hættuminni en ~~[illegible]~~ brauð) og annað, sem þú kannast við, hreyfingu, t.d. golf, en a.m.k. göngu 1½-2 tíma á dag og annað eftir því, telur hann bráðnauðsynlegt. Reikningurinn var 395 frankar, en ekki sé ég eftir þeim, því að bæði er gott að fá heilbrigðisvottorðið og alveg sjálfsagt að koma af sér of-fitunni, sem á allan hátt er til leiðinda, að heilsuspillinum slepptum; þú veist af þessu á hverju þú átt von, þegar heim kemur.

Við erum ánægðir með atkvæðagreiðsluna á ráðstefnunni á dögunum. Nú er mesti vandinn eftir og reynir á okkur og

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HÔTEL DU RHÔNE GENÈVE

TÉL (022) 32 70 40 (15 LIGNES) TÉLÉGR: RHONOTEL GENÈVE · TELEX 22213

að vera í næstu viku.

Á skírdag vorum við um kyrrt í bænum, nema hvað ég frammaði sem ~~[illegible]~~ í eitthvað þrjá tíma. Í gær fórum við upp í fjöllin nokkru skemmra en á dögunum, en þó gagnstætt. Hermann og frú voru með okkur GGG, DÓ og HSB. Við löbbuðum þar niður fjallið og um í h.u.b. 1½. Var það ágæt ferð. Um kvöldið fór ég einn í bíó að sjá „Our man in Havana", sem ég man, að ég smalti með að þú læsir. Ágæt mynd. GGG og HSB höfðu verið á sömu sýningu en ekki sá ég þá. Í morgun skrifaði ég ÓTh langt bréf um aðstöðu okkar á ráðstefnunni, labbaði síðan um áður ókunna bæjarhluta og eftir að ég hafði verið hjá læknunum fórum við GGG, DÓ og HSBj uppí fjöll hér nærri, eins og ég segi á einhv. kortinu.

Nú er kalt og óhrjálegt en suma dagana hefur verið yndislegt veður enda eru flest tré nú ~~[illegible]~~ laufgað og landslagssvipur því allur annar en á meðan þú varst.

Piltur var að koma og segja, að búið væri að opna hjá mér, enda ekki fleira að segja í bili vona að öllum líði vel. Bið að heilsa, elsku Didda mín, þinn Bjarni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HÔTEL DU RHÔNE GENÈVE

TÉL. (022) 32 70 40 (15 LIGNES) TÉLÉGR.: RHONOTEL GENÈVE · TELEX 22213

Genf 17. mars 1960

Elskan Sigríður mín!

Ég vona að þér líði vel og þú sért komin heim, þegar þú færð þetta bréf. Ferðin hingað gekk vel. Þegar við komum til London um kl. 3 eftir þeirra tíma var dr. Kristinn þar á vellinum nýbúinn að kveðja þá Guðmund og Hermann er höfðu komið um 3 kortérum á undan og voru nú farnir í bæinn. Hann hjálpaði mér svo til að finna staðinn, sem fara átti á og biðum við þar þangað til Guðmundur kom aftur eftir 1½ tíma!

Í París stönsuðum við 3 kortér

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og voru þar a.m.k. 4 frá
mattan til að taka á móti:
þeir eru gripir í Tönt!
Inn á hótel hér vorum við
svo komin um kl. 11 í
gærkvöldi. Ég hefi ágætt her-
bergi og líst vel á mig, enda
all-dýrt er hér að vera, enis
og ég raunar gerði ráð fyrir.
Í morgun fór ég seint á
fætur – svaf þó ekki rétt vel –
og var þá glaðasólskin og
hiti úti.
Fundirnir byrjuðu kl. 3 í dag
að komnum lokunum skrapp ég
í bókabúð, keypti þó aðeins
í mótsögn, labbaði síðan heim
og sit nú hér langt gengin
kl. 7 og drekk te.
Ég hlakka til að sjá þig. Lík-
legast sýnist mér, að þú kæmir
hálfum tíma áður svo að við
yrðum samferða heim. Opinberkosa
er ráðgert að fundunum ljúki kvöldið
14. april. Þú velur þetta þó auðvitað
eftir þinni hentisemi. Umhverfi hér er fallegt en
verður auðvitað enn skemtilegra eftir því sem kemur
fram á vorið. Ég bið að heilsa öllum heima, einkum
börnunum – nú er prestur einmitt að tala um fermingarundir-
búning í útvarpið! Með bestu kveðjum þinn Bjarni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HÔTEL DU RHÔNE GENÈVE
TÉL. (022) 32 70 40 (15 LIGNES) TÉLÉGR.: RHONOTEL GENÈVE · TELEX 22213

13. apríl 1960

Elsku Sigríður mín!

Ég þakka þér kærlega bréfið og vona, að þú sért hin hressasta.

Nú er ráðgert, að menn sleppi héðan þann 15. Það mundi merkja, að ég gæti komið heim annaðhvort ~~mánudag~~ eða þriðjudag, sem líklegra er. Vitanlega kem ég heim fyrr, ef fært er. Fermingin fer vitanlega fram á sínum tíma, en spurning væri, hvort veislu ætti að fresta til miðvikudags. Þið hafið það alveg eins og ykkur þóknast.

Þú nefndir hér, hvort ætlunin væri að fá nýjan bíl. Spurning væri, hvort þú vildir láta athuga, annaðhvort Harald, Kristján bílstjóra, Rasmussen eða einhvern annan, sem treysta má, hvað gangverð er nú á bíl eins og okkar. Það þarf að hafa til samanburðar, ef ráðast á í ný kaup.

Hér gengur allt með svipuðum hætti. Ráðgert er nú, að fundum ljúki í kvöld fram yfir páska. Ég býst við að dvelja hér um kyrrt á hótelinu, nema e.t.v. skreppa eitthvað dag og dag eins og gengur

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HÔTEL DU RHÔNE GENÈVE
TÉL. (022) 32 70 40 (15 LIGNES) TÉLÉGR.: RHONOTEL GENÈVE · TELEX 22213

Veður var heldur kalt á mánudag og þriðjudag, en nú er aftur heiður himinn og hiti. Mér líður ágætlega, hvíli mig töluvert en á heldur erfitt um svefn, ekki þó svo, að komi að sök.

Búinn er ég að lesa frönsku bókina, sem ég var með, þegar þú komst og einn ~~[illegible]~~ reyfara á frönsku. Ég hefi fengið mér tvo aðra og hygst við að hanga yfir þeim um bænadagana, þegar ég verð heimavið.

Bjarni, sem var að þvælast fyrir þér á hótelinu, birtist í gær á vettvangi sem fulltrúi Pakistan. Stóri Bretinn með konu og dóttur er sonur Sir Conan Doyle, sem skrifaði sögurnar um Sherlock Holmes. Hann hefur þó tekjur af því í hvert skifti, sem einhver kaupir einhverja leynilögreglusögu, en sem þykja hinar bestu í heimi.

Ég vona, að ykkur líði öllum vel.

Með bestu kveðjum
vertu nú sæl, elsku Didda mín
þinn Bjarni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar© Borgarskjalasafn Reykjavíkur